



439. Stjórnarfundur haldinn 27. nóv. 2014 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Ísak Erni Kristinssyni v/ leigu Hæfingarstöðvarinnar. *Tekið fyrir undir 5. dagskrárlið.*
Tölvupóstur frá UMFÍ v/ landsmóts 50+ Blönduósi. *Áframsent á tómsundafulltrúa Reykjanesbæjar.*
Tölvupóstur frá knattspyrnudeild v/ fundar með aðalstjórn. *Fundur 8. des. kl. 18:10*

3. Send bréf.

Engin

4. Jólblað Keflavíkur.

EH sagði frá því að jólblaðið væri tilbúið og væri fjörtíu síður. Þriðji flokkur knattspyrnu sér um að dreifa blaðinu 5. - 7. desember. Halldór Leví Björnsson tók opnuviðtalið. Þóra Guðrún Einarsdóttir las yfir greinar fyrir uppsetningu og PMK las yfir próförkina. *Stjórnarmenn ánægðir með með blaðið, en hefðu þó vilja sjá grein frá mfl.flokki karla körfu.*

5. Félagsheimili leiga.

Tölvupóstur frá Ísak Erni Kristinssyni v/ leigu Hæfingarstöðvarinnar. Verið er að óska eftir framlengingu á leigu til 1. mars 2015 og að fá að hafa sal eitt allan daginn. *Samþykkt að verða við þessari ósk og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi. Aðalstjórn leggur áherslu á að þetta sé gert í fullu samráði við forstöðumann íþróttahússins.*

6. Hringbraut 108 leiga og flugeldasala.

Guðbjörg Jónsdóttir hefur óskað eftir áframhaldandi leigu á Hringbraut 108. *Samþykkt að gera við hana nýjan samning og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Guðbjörgu.*
EH sagði frá því að búið að gera samning við knattspyrnudeild varðandi afnot af Hringbraut 108 vegna flugeldasölu frá 15. desember 2014 til 15. janúar 2015. Samningurinn lá fyrir fundinum.

7. Fundir með deildum Keflavíkur.

EH sagði frá því að hann væri búin að senda tölvupóst á allar stjórnir deilda félagsins og óska eftir því að aðalstjórn félagsins fái að koma á stjórnarfund hjá þeim. Knattspyrnudeild hefur boðið aðalstjórn að koma á stjórnarfund deildarinnar áttunda desember 2014.

8. Íþróttamaður/kona Keflavíkur 2014.

EH sagði frá því að búið væri að senda tölvupóst á allar stjórnir deilda félagsins vegna tilnefningu á íþróttakarli og konu Keflavíkur 2014. Skila á 30. nóvember.

9. Önnur mál.

EH lagði farm drög að aðalfundum deilda og aðalstjórnar.

EH óskaði KG til hamingju með sextugs afmælið fyrir hönd aðalstjórnar.

BSS sagði frá því að hún hefði setið fund íþrótt- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar sem fulltrúi ÍRB.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Fundinn ritaði BS.

Næsti fundur er 11. desember kl. 18:00

